



SAMORKA
Samtök orku- og veitufyrirtækja

Alþingi
Erindi nr. Þ 137/204
komudagur 16.6.2009

Nefndasvið Alþingis
b.t. utanríkismálanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

15. júní 2009

Efni: Umsögn um tillögur til þingsályktunar er varða aðild að Evrópusambandinu, 38. og 54. mál

Hugsanleg aðild Íslands að Evrópusambandinu (ESB) er málefni sem ekki hefur verið ályktað um á vettvangi Samorku. Flest aðildarfyrirtæki samtakanna eru í eigu opinberra aðila, sveitarfélaga eða ríkisins og skoðanir í þessum efnum án efa skiptar innan samtakanna. Í árslok 2008 könnuðu Samtök atvinnulífsins (SA) afstöðu aðildarfyrirtækja til þess hvort samtökin ættu að beita sér fyrir aðild Ísland að ESB og upptöku evru á Íslandi. Af aðildarfyrirtækjum Samorku (sem er eitt aðildarfélag SA) svöruðu 32% (í atkvæðamagni talið) játandi, 2% neitandi en 66% tóku ekki afstöðu.

Á vettvangi Samorku hefur hins vegar verið fjallað um möguleg áhrif aðildar, en óhætt er að segja að allar helstu lagagerðir ESB á þessu sviði hafi þegar verið teknar upp héraendis. Þá má benda á að fyrirkomulag eignarhalds náttúruauðlinda er ekki viðfangsefni ESB, heldur er það alfarið á hendi aðildarríkjanna.

Samorka gerir hvorki athugasemdir né lýsir stuðningi við þær tillögur sem hér eru til umfjöllunar.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Gústaf Adolf Skúlason
aðstoðarframkvæmdastjóri